

Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2017, fimmtudaginn 12. október, var haldinn 159. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn á Þorragötu 3 og hófst fundurinn kl. 11.35. Viðstödd voru: Sverrir Bollason (S), Marta Guðjónsdóttir (D), Teitur Atlason (S), Börkur Gunnarsson (D) og Rakel Dögg Óskarsdóttir (B) áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn þau Sigbrúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og starfsstöðum henni tengdum. Guðrún Kaldal framkvæmdastjóri Tjarnarinnar tekur sæti á fundi undir þessum lið.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð þakkar Guðrúnu Kaldal og frístundamiðstöðinni Tjörninni kærlega fyrir góðar móttökur og kynningu á starfseminni sem þar fer fram.

2. Lagt fram erindisbréf frá umhverfis- og skipulagssviði vegna Birkimels 3, dagsett 04.09.2017.
3. Lagt fram erindisbréf frá umhverfis- og skipulagssviði vegna Fiskislóðar 27, dagsett 04.09.2017.
4. Fram fer umræða um ferðaþjónustu í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, en fundur með íbúum verður 18. október n.k.
5. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Ástand götukaflans milli Neshaga og Fornhaga hefur verið afar slæmt lengi og er orðið hættulegt bæði akandi og gangandi vegfarendum. Þar hafa myndast djúpar holur í götunni. Við þennan fjölfarna götukafla stendur leikskóli, íþróttahús og kirkja auk þess sem þetta er fjölfarin gönguleið barna á leið í Melaskóla og Hagaskóla. Lagt er til að hafist verði handa sem allra fyrst við viðgerðir til að tryggja öryggi vegfarenda.

Frestað.

6. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvinir ítrekar svohljóðandi tillögu sína frá fundi hverfisráðs Vesturbæjar þann 17.11.2016:

Hverfisráð Vesturbæjar óskar eftir því að umhverfis og skipulagssvið fari í það að laga götuna milli leikskólans Hagaborgar og Neskirkju í áttina að Melaskóla. Gatan er mjög holótt og fer mikil umferð um götuna þar sem þar eru bílastæði fyrir Neskirkju, leikskólann Hagaborg, Melaskóla og íþróttahús Hagaskóla. Einnig er nauðsynlegt að klippa trén við íþróttahús Hagaskóla þar sem þau ná langt inn á gangstéttina og er það nauðsynlegt fyrir öll þau börn og foreldri sem ganga þarna um á leið í skóla- og leikskóla. Gangstéttin sem liggur meðfram íþróttahúsi Hagaskóla er líka mjög illa farin og mikil þörf er á nýrri gangstétt þar sem hellurnar eru flestar brotnar og skapar þetta slysa hættu fyrir börn. Einnig mætti athuga hvort ekki væri rétt að hafa gangbraut á Neshaga yfir í Melaskóla þar sem margir ganga beint út af skólalóðinni við skúranna á lóð Melaskóla yfir á bílastæðin við Neskirkju og Hagaborg.

Frestað.

7. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að gerð verði úttekt á merkingum gangbrauta á helstu gönguleiðum barna í skóla- og frístundastarf í hverfinu. Víða er misræmi í merkinga gangbrauta sem bæta þarf úr og mikilvægt að merkingar séu samræmdar og í samræmi við lög og reglugerðir. Í reglugerð 289/1995 er kveðið á um að gangbraut skuli merkt með umferðarmerki báðum megin akbrautar sem og á miðeyju þar sem hún er. Þá skal merkja gangbraut með yfirborðsmerkingum, hvítum línum þversum yfir akbraut (zebrabrautir).

Frestað.

8. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að gangbraut við Grandaskóla sem liggur frá Fjörugranda yfir Keilugranda sem er illa merkt, verði merkt í samræmi við lög og reglugerðir með skiltum og góðri lýsingu. Þessi gönguþverun er fjölfarin leið nemenda í Grandaskóla og liggur auk þess að göngu- og hjólastíg hverfisins og því mikilvægt að umferðaröryggi verði bætt þarna. Mikil umferð er við götuna nú þegar og búast má við því að umferðin aukist enn frekar þegar byggingaframkvæmdir hefjast við Keilugranda.

Frestað.

Fundi slitið kl. 12.44

Sverrir Bollason

Teitur Atlason
Börkur Gunnarsson

Marta Guðjónsdóttir